



Minnisblað – Björgunarbátasjóður Vopnafjarðar

Fyrir liggur „ÁÆTLUN UM ENDURNÝJUN BJÖRGUNARSKIPPA“ á landsvísu en árið 2017 ákvað Slysavarnarfélagið Landsbjörg að fara í heildarendurnýjun á björgunarskipafloða sínum, sem eru samtals 13 skip, en í áætluninni er gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu á heildarkostnaði:

- Heildarkostnaður er áætlaður 340 – 350 milljónir
- Íslenska ríkið greiðir 50% af kostnaði
- Slysavarnarfélagið Landsbjörg greiðir 25% af kostnaði
- Heimasjóðir (Björgunarbátasjóðir) styrkir frá aðilum, hafnarsjóðir og aðrir 25%
- Fyrsta skipið var afhent haustið 2022, í Vestmannaeyjum, en 4 skip hafa verið afhent.
- 2 skip eru nú í smíðum og er gert ráð fyrir afhendingu þeirra á shl. 2025 eða fhl 2026.
- Nýtt skip fyrir Vopnafjörð er nr 7 í röðinni og nú er áætlað að það verði tilbúið 2026.
- Fulltrúar frá Björgunarbátastjóði Vopnafjarðar hafa fundað með sveitarstjóra, sem jafnframt er hafnarstjóri, til þess að falast eftir mögulegri aðkomu hafnarsjóðs Vfh.
- Sveitarstjóri hefur kynnt sér málið, m.a. hjá þeim sveitarfélögum sem nú þegar hafa fengið afhent skip, og kannað með hvaða hætti hafnarsjóðir koma að fjármögnun, og einnig hvernig nágrannasveitarfélög koma að, þar sem það á við, með þátttöku sinni.
- Um er að ræða Snæfellsbær, þar sem skip er staðsett á Rifi, Sveitarfélagið Hornafjörð og Vesturbyggð, sem mun fá sitt skip á eftir Vopnafirði. *Sjá kynningu Fjarðabyggðar.*
- Þá hefur sveitarstjóri verið í sambandi við Framkvæmdastjóra og Verkefnastjóri sjóbjörgunar hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, sem eru tilbúnir að leiðbeina og koma að samningum við styrktaraðila, og eins með heildarfjármögnun skipanna.
- Lagt er til að málinu verði vísað til fjárhagsáætlunarvinnu 2026, og að hreppsráð ásamt sveitarstjóra fylgi málinu eftir og verði í sambandi við viðkomandi aðila.

Vopnafirði 20. maí 2025 – **Valdimar O. Hermannsson**, sveitarstjóri/hafnarstjóri Vfh.